

# Ársskýrsla UN WOMEN á Íslandi 2011



ÍSLENSK  
LANDSNEFND

United Nations Entity for Gender Equality  
and the Empowerment of Women

# Aukin þátttaka kvenna í þágu farsældar og framfara



Pegar ég heimsótti Malaví í mars, sá ég með eigin augum hvernig aukin menntun og heilbrigðisþjónusta geta skipt sköpum fyrir konur. Í Malaví eignast konur sex börn að meðaltali og það er þyngra en tárur tekur hve dauði af barnsförum er enn algengur. Við erum því sérstaklega stolt af fæðingardeildum, þremur talsins, sem hafa verið settar upp í Mangochi-héraði fyrir tilstuðlan okkar Íslendinga, í náinni samvinnu við heimamenn. Þjónusta við þungaðar konur og nýfædd börn þeirra skiptir gríðarmiklu máli ef koma á í veg fyrir mæðradauða og ná þúsaldarmarkmiðum um bætt heilsufar kvenna.

Í starfi mínu sem utanríkisráðherra hef ég lagt ríka áherslu á jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. Ég hef sérstaklega vakið máls á mikilvægi málefnisins á alþjóðlegum vettvangi og lýst yfir stuðningi Íslands við UN Women. Margar alþjóðlegar rannsóknir hafa sýnt fram á sterk tengsl á milli hagvaxtar, velferðar og aukins jafnréttis. Ennfremur kemur fram í ársskýrslum ýmissa alþjóðastofnana að jafnrétti, jöfnuður og valdefling kvenna séu lykillinn að framförum. Slíkar niðurstöður renna sterkum stöðum undir stefnu okkar í þróunarsamvinnu og í nýrri þróunarsamvinnuáætlun, sem samþykkt var á Alþingi sl. sumar, er lögð rík áhersla á bættu stöðu kvenna og aukið jafnrétti kynjanna.

UN Women hefur nú lokið fyrsta starfsári sínu með stakri þrýði. Stofnunin hefur verið í fararbroddi í baráttunni fyrir jafnrétti og bættri stöðu kvenna á heimsvísu og er Ísland stoltur stuðningsaðili þessarar ungu og kraftmiklu stofnunar. Stuðningur Íslands við starf UN Women vegur þungt í framlögum utanríkisráðuneytisins til jafnréttismála og er stofnunin skilgreind sem ein af fjórum lykilstofnunum Íslands á sviði þróunarsamvinnu.

Landsnefnd UN Women á Íslandi gegnir lykilhlutverki hérlandis, hún hefur unnið öflugt starf undanfarið ár og veitt stjórnvöldum bæði aðhald og faglega ráðgjöf. Utanríkisráðuneytið og landsnefndin hafa um árabil átt farsælt samstarf. Fyrir það vil ég þakka um leið og ég hlakka til áframhaldandi öflugrar samvinnu á komandi árum.

Össur Skarphéðinsson  
utanríkisráðherra

# Nýtum visku og hæfileika kvenna

Árið 2011 var merkisár hjá landsnefnd UN Women á Íslandi. Þetta var fyrsta starfsár samtakanna þar sem UNIFEM varð að UN Women um áramótin 2010-2011. Þá var ákveðið að halda fjáröflunar- og vitundarvakningarviku í annað sinn, svokallaða Fiðrildaviku, sem tókst með glæsibrag. Einnig framleiddi landsnefndin sérstakar UN Women töskur með dyggri aðstoð hönnuðanna Kötlu Rósar Völudóttur og Ragnars Más Nikulássonar, sem vöktu mikla athygli og hreinlega ruku út. Í lok árs 2011 gat UN Women á Íslandi með stolti aukið framlag sitt til verkefna víða um heim um 140% frá fyrra ári.

Ég vil fyrir hönd stjórnar UN Women á Íslandi þakka öllum þeim sjálfboðaliðum sem lögðu hönd á plóginn og gáfu vinnu sína til þessa þarfa málfnis. Fyrir frjáls félagasamtök með takmarkaða yfirbyggingu er þátttaka sjálfboðaliða lykilatríði til þess að ná árangri. Með þennan stóra og góða hóp styrktaraðila getum við áorkað miklu og hvet ég alla stuðningsaðila til að vera virkir þátttakendur í starfinu á komandi árum. Einnig vil ég þakka þeim fjölmörgu fyrirtækjum sem lögðu okkur lið á árinu, bæði með fjárframlögum og vinnuframlagi.

Félagsmönnum í landsnefnd UN Women á Íslandi og mánaðarlegum styrktaraðilum í *Systralaginu* hefur fjölgað umtalsvert undanfarið ár og gleður það okkur mjög. Það er greinilegt að almenningur lætur sig málfnis kvenna um allan heim varða og er tilbúinn að leggja jafnréttisbaráttunni lið, jafnvel þótt víða kreppi að. Mikið hefur áunnist á undanförunum árum fyrir tilstuðlan UN Women. Engu að síður eru verkefni framtíðarinnar ærin. Meginmarkmið UN Women á

Íslandi eru að vera málsvári kvenna í þróunarlöndum og á átakasvæðum, kynna og efla áhuga almennings á starfsemi UN Women, þrýsta á stjórnvöld að aðhafast í málefnum er varða jafnan rétt kynjanna og síðast en ekki síst að afla fjárframlaga til að styrkja verkefni þar sem vandamálin eru stærst. UN Women á Íslandi mun

halda áfram af fullum krafti að sinna þessu mikilvæga hlutverki sínu og veita konum um allan heim byr undir báða vængi til að eygja von um að brjótast út úr viðjum fátæktar, sjúkdóma, ofbeldis og óréttlætis. Við hvetjum alla sem láta sig málefnið varða til að taka þátt í því starfi með okkur.

Ég læt Michelle Bachelet framkvæmdastýru UN Women eiga loka-



orðin: „Við köllum eftir dyggum stuðningi við að efla mátt kvenna og jafnrétti kynjanna. Á þessum tímum óvissu og örbirgðar megum við ekki láta niðurskurð bitna á framförum kvenréttinda. Við þurfum ekki aðeins að halda því í horfinu sem áunnist hefur, heldur halda áfram að taka framförum. Með auknum kröfum um rétt-

læti og pólitískum breytingum höfum við tækifæri til að opna dyrnar fyrir konum. Við höfum ekki lengur efni á að halda konum niðri, við þurfum á visku og hæfileikum kvenna að halda í heiminum, sama hvort um er að ræða fæðuöryggi, efnahagslegar framfarir, heilsu eða frið og öryggi“.

Regína Bjarnadóttir, formaður UN Women á Íslandi

## Efnisyfirlit

- 4 Fiðrildavika UN Women
- 7 Systralagið
- 8 Innanlandsstarf 2011
- 11 Styrktaraðilar og sjálfboðaliðar
- 12 Overview of the year – English summary
- 14 Ársreikningur
- 15 Stjórn UN Women á Íslandi 2011-2012

# Fiðrildavika UN Women 2011



Í september 2011 fagnaði landsnefnd UN Women á Íslandi sameiningu UNIFEM við þrjár systurstofnanir sínar innan Sameinuðu þjóðanna með heljarinnar fjáröflunarkviku sem bar heitið Fiðrildavika. Þetta er í annað sinn sem samtökin standa fyrir slíku fjáröflunarátaki, en árið 2008 söfnuðust tæpar 100 milljónir króna til verkefna í Súdan, Líberíu og Kongó.

Markmið Fiðrildavikunnar í ár var þrjúþætt. Í fyrsta lagi að vekja almenning til umhugsunar um stöðu kvenna í fátækustu löndum heims og skapa umræðu í samfélaginu um jafnrétti og þróunarsamvinnu. Í öðru lagi vildi landsnefndin kynna nýtt nafn stofnunarinnar og vera sýnileg á öllum vígstöðvum. Í þriðja lagi að hvetja landsmenn til þess að ganga í *Systralag* samtakanna, sem er helsta fjáröflunarleidd landsnefndarinnar. Fjármunir sem safnast í *Systralaginu* renna til verkefna víða um heim sem hafa það að markmiði að uppræta ofbeldi, óréttlæti og mismunun gegn konum ásamt því að auka efnahagslegt öryggi kvenna og hvetja þær til pólitískrar þátttöku. Með *Systralaginu* tryggjum við þeim verkefnum sem UN Women styrkir öruggt bakland. Landsmenn svöruðu kalli UN Women í Fiðrildavikunni og yfir 600 manns gengu í *Systralagið* á aðeins fimm dögum.

Með Fiðrildavikunni náði UN Women því metnaðarfulla markmiði sínu að vekja áhuga þjóðarinnar á starfseminni og hvetja almenning til að leggja systur sínum lið. Í kjölfar góðra undirtekta horfir íslenska landsnefndin björtum augum á framtíðina.

## Fiðrildaáhrifin

Nafnið á fjáröflunarkvikunni á sér langa sögu. Fiðrildið hefur tilvísun í alþjóðlega baráttu gegn kynbundnu ofbeldi og hefur í gegnum aldirnar verið álititáknmynd fyrir umbreytingar í lífi fólks í átt til frelsis. Fiðrildaáhrifin (e. *butterfly effect*) vísa í þá kenningu að vængjasklátur örmárra fiðrilda í einum heimshluta geti haft áhrif á stór veðurkerfi hinum megin á hnettinum.

Þá eru fiðrildin einnig tilvísun í sögu Mirabal-systranna. Þann 25. nóvember

1960 lét Trujillo, einræðisherra Dóminíska lýðveldisins, myrða á hrottalegan hátt þrjár systur; Minervu, Mate og Patriu Mirabal. Þær höfðu barist fyrir mannréttindum og lýðræði í heimalandi sínu og voru kallaðar fiðrildin. Morðin á systrunum voru kornið sem fyllti mælinn hjá almenningi því sex mánuðum síðar lauk 32 ára tímabili ógnarstjórnar í landinu þegar Trujillo var ráðinn af dögum. Árið 1981 ákváðu kvennasamtök í Suður-Ameríku að gera 25. nóvember að baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi til að heiðra minningu Mirabal-systranna. Kvennasamtök um allan heim hafa upp frá því haldið uppi merkjum fiðrildanna og það var árið 1999 að Sameinuðu þjóðirnar lýstu daginn alþjóðlegan baráttudag gegn kynbundnu ofbeldi.

Fiðrildavika UN Women hófst með pompi og pragt á Austurvelli mánudaginn 12. september. Sólin skein skært og fjölmenni mætti á Austurvöll til að vera viðstatt setningarhátíðina. Meðal gesta voru nemendur og kennarar Vesturbæjarskóla en nemendurnir höfðu unnið hörðum höndum við að búa til falleg fiðrildi sem héngu í trjánum á Austurvelli alla vikuna. Tónlistarkennari Vesturbæjarskóla spilaði á harmonikku og skapaðist góð stemning á þessum fallega haustdegi.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra setti Fiðrildavikuna. Hún hefur ávallt verið ötul talskona samtakanna og starfar nú á landskrifstofu UN Women í Afganistan. Ingibjörg sagði meðal annars í ræðu sinni: „Engin stofnun mun gera okkur frjáls, aðeins við sjálf með aðgerðum okkar. Nú þurfum við að sýna í verki að við styðjum frelsi kvenna um heim allan. Um leið og ég set Fiðrildavikuna





skora ég á konur og karla að leggja UN Women á Íslandi lið í því söfnunarátaki sem fiðrildin boða.”

Á setningardegi Fiðrildavikunnar skrifaði Landsbankinn undir Jafnréttisáttmála UN Women og UN Global Compact. Landsbankinn var einn helsti styrktaraðili Fiðrildavikunnar og dreifði meðal annars sérstökum upplýsingastöndum um UN Women til allra útibúa á landinu.

Í lok Fiðrildavikunnar var efnt til samkomu á Kex Hostel þar sem öllum sem lögðu Fiðrildavikunni lið var boðið að koma og fagna velgengni UN Women. Mikil gleði var á staðnum og bauð Kex upp á ljúffenga drykki sem runnu vel niður enda löng og ströng vika að baki.

Jussanam da Silva er brasilísk söngkona sem búsett hefur verið á Íslandi síðastliðin þrjú ár. Hún hefur yljað landsmönnum með brasilískum bossanova-

töktum auk þess sem barátta hennar fyrir framlengdu landvistarleyfi er mörgum í fersku minni. Í tilefni af fjáröflunarátaki samtakanna samdi Jussanam lagið „You Can Count on Me Because I'm a Woman“. Textinn er eftir Jussanam og lagið eftir samstarfsfélagi hennar Harald Ericsi. Lagið var frumflutt í Íslandi í dag, en það er enn hægt að hlusta á lagið á heimasíðu samtakanna og niðurhala án endurgjalds.

UN Women stóð fyrir kynningarátaki í Kringlunni við góðar undirtekir. Leikskólabörn frá fjórum leikskólum á höfuðborgarsvæðinu bjuggu til glæsilegar fiðrildaskreytingar sem voru til sýnis í Kringlunni alla vikuna. Landsnefndin stóð einnig fyrir kynningu á starfsemi UN Women og lagði fjöldi sjálfboðaliða samtökunum lið í Kringlunni. Óhætt er að segja að kátinan í Kringlunni hafi vakið mikla lukku.

Efnt var til málþings í samstarfi við RIKK og Alþjóðlega jafnréttisskóla Háskóla Íslands í tilefni af Fiðrildavikunni. Yfirskrift málþingsins var *Nauðganir sem vopn í stríði og friðaruppbygging í Bosníu og Hersegóvínu*. Heiðursgestir málþingsins voru Sabiha Husic og Dr. Zilka Siljak frá Bosníu og Hersegóvínu (BiH) sem hafa báðar notið góðs af styrk frá UN Women. Sabiha er for-





stöðukona og sálfræðingur hjá Medica Zenica, fyrsta athvarfinu í BiH sem aðstoðar m.a. konur sem lifað hafa af stríðsnauðganir. Dr. Zilka er yfirmaður MA-náms við Háskólann í Sarajevó og framkvæmdastjóri TPO samtakanna sem í samstarfi við trúfélög hafa unnið mikið starf í þágu friðar- og sáttaferla í landinu. Það starf hefur meðal annars leitt til stofnunar nýs námskeiðs á sviði kynja- og trúarbragðafræða við Sarajevó-háskóla. Sabiha og Dr. Zilka komu fram í sjónvarpsfréttum RÚV og í viðtali í Fréttablaðinu á meðan dvöl þeirra stóð þar sem þær ræddu um mikilvægi þess að fá stuðning frá UN Women.

Rannveig Jónsdóttir (Gagga) og Þorsteinn Bachmann unnu ómetanlega vinnu fyrir UN Women í Fiðrildavíkunni. Gagga og Þorsteinn tóku að sér það viðamikla verkefni að framleiða fjögur stutt vídeó-innslög um hinar ýmsu birtingarmyndir ofbeldis gegn konum og hvað UN Women er að gera í málunum. Fjöldi kvenna og karla komu að gerð innslaganna og lögðu málefnið lið í sjálfböðastarfi. Innslögin voru sýnd á eftir heimildapáttaröðinni *Konur í eldlinunni* (*Women on the Frontline*). Þess má geta að Þorsteinn og Gagga unnu einnig sjónvarps- og útvarpsauglýsingar upp úr innslögunum í góðu samstarfi við Sagafilm og voru þær spilaðar á RÚV í fjáröflunarkvikunni. Hægt er að nálgast myndböndin á heimasíðu og fésbókarsíðu samtakanna.

Unnur Ösp Stefánsdóttir leikkona tók einnig virkan þátt í Fiðrildavíkunni. Hún heimsótti eitt fyrirtæki á dag ásamt hópi sjálfböðaliða meðan á áttakinu stóð þar sem hún kynnti málstaðinn fyrir starfsmönnum og hvatti þá til þess að skrá sig í *Systralagið*. Unnur mætti einnig í morgunþáttinn *Virkir morgnar*



á Rás 2 með Andra Frey og Gunnu Dís á hverjum degi í Fiðrildavíkunni og ræddi um UN Women við hlustendur við góðar undirtektir.

Í Fiðrildavíkunni sýndi Ríkissjónvarpið vandaða heimildapáttaröð sem ber heitið *Konur í eldlinunni*. Þættirnir fjalla um hinar ýmsu birtingarmyndir ofbeldis gegn konum þar á meðal mansal í Nepal, heiðursmorð í Tyrklandi, nauðganir sem kerfisbundið vopn í átökum í Kongó og aðgengi kvenna að réttlæti í Kólumbíu.

Grínistinn Steindi Jr. tók virkan þátt í Fiðrildavíkunni og bjó til stutt myndband í samstarfi við Þorstein Bachmann, Davíð Guðbrandsson og Hilmar Guðjónsson leikara. Myndbandið var frumsýnt á [visir.is](http://visir.is) og sló heldur betur í gegn. Þetta sprenglæglega myndband er hægt að nálgast bæði á heimasíðu og fésbókarsíðu UN Women á

Íslandi. Allir sem komu að gerð myndbandsins gáfu vinnu sína.

Samstarf við fjölmiðla landsins í Fiðrildavíkunni fór fram úr björtustu vonum samtakanna. Allir vefmiðlarnir; [dv.is](http://dv.is), [visir.is](http://visir.is), [mbl.is](http://mbl.is), [frettatiminn.is](http://frettatiminn.is), [bleikt.is](http://bleikt.is), [pressan.is](http://pressan.is) og [ja.is](http://ja.is) birtu vefborða sem auglýstu starfið endurgjaldslaust. Þá birtu Morgunblaðið og Fréttatíminn auglýsingar í blöðum sínum. Fréttablaðið birti þrjár aðsendar greinar í Fiðrildavíkunni eftir Regínu Bjarnadóttur formann UN Women, Magnús Árna Magnússon dósent og Óttar Norðfjörð rithöfund.

Landsnefndin var einnig áberandi á fésbókinni og Twitter. Þjóðþekktir einstaklingar tóku höndum saman með góðum árangri. Birtu þeir upplýsingar um stöðu kvenna í fátækustu löndum heims ásamt hvatningarorðum til „vina“ sinna um að ganga í *Systralagið*.



# Systralag UN Women

*Systralag* UN Women var stofnað árið 2009 og er helsta fjáröflunarleið samtakanna. *Systralagið* miðar að því að landsmenn taki höndum saman og styrki systur sínar í fátækustu löndum heims með mánaðarlegu framlagi. Fjármagn sem safnast í gegnum *Systralagið* rennur til verkefna UN Women.

Á sumrin standa samtökin fyrir átta vikna átaki þar sem hópur götukynna fer um höfuðborgarsvæðið, kynnir málstaðinn og hvetur landsmenn til þess að ganga í *Systralagið*. Í sumar gekk átakið vonum framur en á aðeins átta vikum bættust hátt í eitt þúsund nýir meðlimir í hópinn. Landsnefnd UN Women þakkar öflugum götुकynnahópi kærlega fyrir frábæra vinnu.

Í Fiðrildavikunni endurtóku samtökin leikinn og réðu nýjan hóp af götुकynnum sem bönkuðu upp á hjá landsmönnum og kynntu þeim málstaðinn með frábærum árangri.

Framlag landsnefndarinnar til verkefna UN Women hækkaði um 140



prósent á árinu og þessi árangur er fyrst og fremst vel heppnaðri Fiðrildaviku og harðduglegum götुकynnum að þakka. Af þeim 18 landsnefndum sem starfa um allan heim er íslenska landsnefndin ein sú öflugasta og hefur ítrekað staðið skil á einu af þremur hæstu framlögnum til verkefna – og þá er ekki miðað við höfðatölu.

Landsnefndin vill þakka þessum flottu

götुकynnum kærlega fyrir allan stuðninginn og frábæra vinnu!

Takk:

Hlynur Davíð Hlynsson, Immý Busonya, Erna Rós Eypórsdóttir, Eva Björk Eypórsdóttir, Kristín Halla Helgadóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Ragnhildur Melot, Halla Tryggvadóttir, Margrét Hugaadóttir, Jakob Reginn Eðvarðsson, Tinna Eik Rakelardóttir, Pétur Hjörvar Porkels-son og Ásrún Jónsdóttir.



# Innanlandsstarf

## Vitundarvakning

Í byrjun árs 2011 fékk UN Women á Íslandi fjöllistakonuna og forsprakka WEIRD GIRLS PROJECT Kitty Von-Sometime til þess að stýra gjörningi fyrir samtökin í tilefni af nýjustu stofnun SP; UN Women. Það var mikill heiður fyrir UN Women að fá að starfa með Kitty en samtökin finna mikinn samhljóm með hugmyndafræði WEIRD GIRLS PROJECT sem leggur mikla áherslu á kraft kvenna. Útkoman var fjögurra metra litríkt plakát sem hékk á Laugavegi 19 við Hjartagarðinn í níu mánuði. Verkið var opinberað 8. mars á alþjóðlegum baráttudegi kvenna við hátíðlega athöfn. Þar dreifðu Gerplustelpur og nemendur Kvennaskólans póstkortum með sömu mynd til gesta ásamt appelsínugulum sleikjóum og blöðrum en appelsínuguli liturinn er einkennislitur UN Women á Íslandi. Þá fór Elma Lís Gunnarsdóttir leikkona með ræðu fyrir hönd UN Women og lúðrasveitin Svanur tók lagið. Helstu ráðamenn og embættismenn þjóðarinnar létu sig ekki vanta og mátti einnig finna baráttufólk úr öllum áttum.

## UN Women-umræður

Í apríl fóru fram tveir umræðufundir á kaffihúsinu Café Haíti. Fyrri umræðurnar voru í höndum bandarísku athafnakonunnar Mary Schnack eiganda fyrirtækisins Up From Dust. Mary hefur ferðast um gjörvallan heim, þar á meðal til Rúanda, Gana, Egyptalands, Afganistan, Kambódíu og Indlands, með það að markmiði að efla konur í þessum löndum. Á umræðufundinum sagði Mary áhugasömum gestum frá ferðalögum sínum um heiminn og sögur af hrifandi konum sem hafa lagt allt að veði til þess að skapa sér og börnum sínum betra líf. Jafnframt var Mary með ýmsar vörur til sölu frá



þessum konum. Í seinni umræðunum var það Jyl J. Josephson kennari við Rutgers-háskóla í Bandaríkjunum sem fjallaði á gagnrýninn hátt um utanríkisstefnu Bush sem lagði ríka áherslu á skírliði til varnar HIV-útbreiðslu. Fundirnir voru vel sóttir og sköpuðust áhugaverðar umræður í kjölfar þeirra.

## Kynning á Systralaginu

UN Women fór nýjar leiðir á árinu til þess að kynna *Systralagið*, helstu fjáröflunarleið samtakanna. Útgáfufélagið Birtingur hefur undanfarin ár styrkt samtökin með því að birta heilsíðuauglýsingar í tímaritum sínum landsnefndinni að kostnaðarlausu. Þá ákvað landsnefndin að nýta kraft fésbókarinnar til að ná til nýrra styrktaraðila með góðum árangri og dreifðu hundruð manna boðskapnum áleiðis til vina sinna. Tvær flottar konur leituðu til samtakanna í sumarbyrjun og vildu leggja málstaðnum lið. Aníta Hafðis Björnsdóttir og Ása Rán Einarisdóttir hafa undanfarin ár ferðast um heiminn á svífvængjum. Í júlí lögðu þær

sitt af mörkum fyrir UN Women með því að svífa um hálandi Íslands í nafni samtakanna undir yfirskriftinni *Ég vil veita konum byr undir báða vængi*. Í tengslum við þetta stóðu samtökin einnig fyrir átaki yfir sumarmánuðina þar sem gangandi vegfarendur voru myndaðir með appelsínugult skilti sem á stóð: *Ég vil veita konum byr undir báða vængi*. Átakið vakti mikla lukku og var útkoman birt á fésbókarsíðu samtakanna.

## Samstarfsverkefni með ÞSSÍ

*Þróunarsamvinna ber ávöxt* var yfirskrift sameiginlegs vitundarvakningarátaks Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) og frjálsra félagasamtaka á Íslandi. Markmiðið var að auka skilning og þekkingu almennings á mállefnum þróunarlanda og vekja Íslendinga til vitundar um samfélagslegar og siðferðislegar skyldur þjóðarinnar í baráttunni gegn fátækt í heiminum. Átakið fór fram í byrjun september og gátu landsmenn meðal annars lesið áhugaverðar greinar í Fréttablaðinu





frá forsvarsfólki frjálsu félagasamtakanna. Einnig var efnt til málþings undir yfirskriftinni *Próunarsamvinna ber ávöxt*. Regína Bjarnadóttir formaður UN Women á Íslandi var fundarstjóri en fyrirlesarar voru Jón Kalman rithöfundur, Helga Þórólfsdóttir friðarfræðingur og Engilbert Guðmundsson framkvæmdastjóri PSSÍ. Hápunktur átaksins var dreifing á fimm þúsund eplum í sérútbúnum pokum sem konur frá Kampala í Úganda bjuggu til. Sjálfboðaliðar dreifðu eplunum í Reykjavík og á Akureyri. Félagasamtökin sem tóku þátt í átaki PSSÍ ásamt UN Women voru Rauði kross Íslands, Hjálparstarf kirkjunnar, Barnaheill, UNICEF á Íslandi, Samband íslenskra kristniboðsfélaga, SOS barnaþorp og ABC barnahjálp.

#### Fræðsla og kennsla

Starfsfólk skrifstofu og stjórnarfolk kynnti starf UN Women í framhaldsskólum og ýmsum félögum á árinu. Má meðal annars nefna ABC skólann, mannfræðinema við Háskóla Íslands, ungt fólk í atvinnuleit í Hinu húsinu og nemendur Kvinnaskólans í Reykjavík. Einnig eyddi framkvæmdastýra góðri kvöldstund með félögum Business and Professional Women á Íslandi (BPW) og bauð nemendum Jafnréttisskóla Háskóla Íslands upp á fræðslu um starfið.

#### Morgunverðarfundur

Hinn árlegi morgunverðarfundur UN Women var haldinn 25. nóvember á Grand Hótel. Fundurinn var tileinkaður skýrslu UN Women: *Staða kvenna í heiminum: Leitin að réttlæti*. Í skýrslunni er varpað ljósi á þau viðamiklu verkefni sem þarf að leysa ef ná skal fram réttlæti fyrir konur og raunverulegu jafnrétti. Heiðursgestur fundarins var lögfræðingurinn Jolin Zaghloul frá

Palestínu og nemandi við Jafnréttisskóla Háskóla Íslands en Jolin hefur unnið við að veita konum sem sitja í fangelsi lögfræðiaðstoð. Ester Sumbana, yfirmaður Kvenna- og velferðaráðuneytis Mósambík, tók til máls á fundinum en hún var einnig nemandi við Jafnréttisskólann. Hermann Örn Ingólfsson, sviðsstjóri alþjóða- og öryggisviðs utanríkisráðuneytisins, flutti opunarerindi fundarins.

#### Ljósaganga

Ljósaganga UN Women er orðin fastur liður þann 25. nóvember, á alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi. Yfirskrift átaksins í ár var *Heimilisfriður – Heimsfriður* sem haft var að leiðarljósi í göngunni. Listir, ljós og samhugur einkenndu gönguna í ár líkt og undanfarin ár og mætti fjöldi fólks þrátt fyrir nístingskulda. Ljósberar göngunnar í ár voru þau Thelma Ásdísardóttir, Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, Óttar Norðfjörð, Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson, Berglind Guðmundsdóttir og Elín Hirst ásamt nemum Jafnréttisskólans. Öll eiga þau það sameiginlegt að hafa lagt baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi lið og varpað þannig birtu á þennan skuggalega málaflokk. Gönguna leiddu einnig Steingrímur J. Sigfússon þáverandi fjármálaráðherra, Svandís Svavarsdóttir umhverfisaráðherra og Stefán Eiríksson lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu. Við Sólfarið tók Bryndís Björgvinsdóttir rithöfundur til máls og Háskólakórinn söng.

#### Fjáröflun

UN Women leitaði til ungra og efnilegra hönnuða til að hanna taupoka fyrir samtökin. Grafísku hönnuðurnir Katla Rós Völudóttir og Ragnar Már Nikulásson hönnuðu myndirnar á

pokana og fatahönnuðurinn Una Hlín Kristjánsdóttir hannaði útlit pokans en öll gáfu þau vinnu sína. Í ágústbyrjun hélt UN Women pokapartí í versluninni Kiosk á Laugavegi. Fjöldinn allur af fólki mætti til þess að fagna með landsnefndinni og næla sér í poka enda voru þeir einungis til í takmörkuðu upplagi. Pokarnir voru meðal annars seldir í Mýrinni í Kringlunni, GK, Kisunni, Aurum, Kiosk, Kraum, Minju og í Húsi Handanna á Egilsstöðum. Óhætt er að segja að kynning á samtökunum hafi heppnast vel með sölu á UN Women-pökunum.

#### Gjafabréf UN Women

Í ársbyrjun opnaði íslenska landsnefndin vefverslun á heimasíðu sinni þar sem hægt er að kaupa gjafabréf til styrktar samtökunum. Gjafabréfin voru hönnuð af Kötlu Rós Völudóttur og Ragnarí Má Nikulássyni, teyminu sem hannaði UN Women pokana. Með gjafabréfi er hægt að styrkja athvarf fyrir fórnarlömb sýruárása í Kambódíu, starfrækja neyðarsíma fyrir palestínskar konur og aðstoða ungar stúlkur og einstæðar mæður í Marokkó svo eitthvað sé nefnt. Nánari upplýsingar um gjafabréfin má finna á heimasíðu samtakanna.

#### Reykjavíkumaraþon

Hið árlega Reykjavíkumaraþon fór fram þann 20. ágúst og sem fyrr var fjöldi hlaupara sem safnaði áheimum fyrir ýmis samtök og styrktarfélög. Stuðningsfólk UN Women á Íslandi lét ekki sitt eftir liggja og voru alls 24 aðilar á öllum aldri sem hlupu fyrir landsnefndina og söfnuðu áheimum að upphæð 143.500 kr. Landsnefndin þakkar hlaupurunum sem lögðu sitt af mörkum kærlega fyrir.



## Jólaglögg

Í desember hélt UN Women jólaglögg í verslun ELLU í Þingholtsstræti. Elínrós Líndal eigandi ELLU bauð upp á ljúf-fengt jólaglögg og piparkökur og söng-konan Sóley Stefánsdóttir söng lög af sólóplötu sinni *We Sink* sem farið hefur sigurför um heiminn. Margt var um manninn í veislunni og kíktu gangandi vegfarendur inn til þess að hlýja sér í notalegu umhverfi.

## ELLA styrkir UN Women

Elínrós Líndal, eigandi ELLU, hefur í gegnum tíðina verið dygg stuðnings-kona UN Women og var hún meðal annars fjáröflunarstýra í Fiðrildavíku samtakanna 2008. ELLA er samfélags-lega ábyrgt fyrirtæki og því ákvað Elínrós að styðja UN Women með því að gefa eitt þúsund krónur af hverju seldu ilmvatnsglasi ELLU til samtakanna. Í jólaglöggi samtakanna afhenti Elínrós UN Women á Íslandi styrk sem nam 519 þúsund krónum fyrir Styrktarsjóð UN Women til afnáms ofbeldis gegn konum.

## Réttindagæsla

Framkvæmdastýra og verkefnastýra voru viðstaddar opunarhátíð UN Women á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 24. febrúar þar sem Michelle Bachelet, framkvæmdastýra UN Women, Ban Ki-moon aðalritari SP, Nicole Kidman velgjörðarsendi-herra UN Women, leikkonan Geena Davis og fjölmiðlamógúllinn Ted Turner ávörpuðu gesti. Ban Ki-moon sagði meðal annars á hátíðinni: „Að styðja við bak kvenna er ekki einungis rétt, heldur snjallt. Jafnvel það snjall-asta sem við munum nokkurn tímann gera.“ Þar að auki funduðu starfskonur með Michelle Bachelet, framkvæmda-stýru UN Women, sem ræddi hlutverk

landsnefnda hjá nýrri stofnun SP, UN Women.

## Starfskonur á fundi kvennanefndar SP

Framkvæmdastýra og verkefnastýra sóttu árlegan fund kvennanefndar SP (Convention on the Status of Women) í New York í febrúarmánuði og sátu marga merkilega og hvetjandi fundi á vegum aðildarríkja SP og kvennahreyf-inga um heim allan.

## Mannréttindapáttaröð innan- ríkisráðuneytisins

Inga Dóra Pétursdóttir framkvæmda-stýra tók þátt í fyrsta fundi innan- ríkisráðuneytisins sem haldinn var 9. desember í tilefni af alþjóðlega mann- réttindadeginum. Á fundinum var fyrirtaka Íslands í mannréttindaráði SP rædd.

## Afríka 20:20

Framkvæmdastýra tók þátt í mál- þingi Afríku 20:20, félagi áhugafólks um málefni Afríku sunnan Sahara, þar sem yfirskriftin var *Þróunarsam- vinna Íslendinga á vegamótum*. Hún ræddi hlutverk frjálsra félagasamtaka í þróunarsamvinnu, en ásamt henni voru Engilbert Guðmundsson framkvæmda- stjóri PSSÍ, Hermann Ingólfsson sviðs- stjóri í utanríkisráðuneytinu og Árni Þór Sigurðsson formaður utanríkis- málaneftar Alþingis, með erindi.

## Skrifstofan

Starfskonum UN Women barst liðs- styrkur yfir sumarmánuðina frá Álf- heiði Önnu Pétursdóttur verkefna- stýru götukylnna, en hún hlaut styrk frá Rannís til þess að gera úttekt á styrktaraðilum UN Women. Álfheiður lagði einnig hönd á plóg við undir- búning Fiðrildavíku samtakanna og er óhætt að segja að kraftur hennar hafi

verið ómissandi. Þá var landsnefndin einnig heppin að fá nokkra starfsnema á skrifstofuna. Í byrjun árs kom starfs- nemi frá Háskólanum á Bifröst, Alex- ander Friðriksson. Lagði hann mikinn metnað í að uppfæra heimasíðu sam- takanna og var þekking hans á því sviði kærkomin. Emelie Deffoin sjálfboða- liði á vegum Veraldarvina starfaði fyrir samtökin í rúman mánuð. Emelie bjó meðal annars til kynningarmöppu fyrir götukylnna UN Women. Beth Gordon og Shilpi Kumar unnu sem starfsnemar á skrifstofunni yfir sumartímam en báðar stunda nám við Duke-háskólann í Bandaríkjunum. Beth og Shilpi höfðu umsjón með skráningum og lögðu verkefnastýru götukylnna lið. Um vetur- inn bættist Pétur Hjörvar Þorkelsson mannfræðinemi í hópinn. Hann fékk það verkefni að skipuleggja ljósagöngu UN Women og gerði það með miklum sóma. Í lok árs barst okkur hjálp frá Hildi Björgu Vilhjálmisdóttur nemanda við Háskólann á Bifröst en Hildur tók að sér hin ýmsu verkefni og leysti þau öll með glæsibrag.

*Jafnréttissáttmálanum*, sameiginlegt átak UN Women og UN Global Comp- act, var ýtt úr vör á Íslandi fyrir tveimur árum. Markmiðið með átakanu er að hvetja fyrirtæki til þess hafa jafnrétti að leiðarljósi.

Átakið er mikilvægur liður í því að ná þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóð- anna og hafa um 400 fyrirtæki undir- ritað sáttmálann alþjóðlega frá því að hann var kynntur fyrst í mars 2010. Tólf íslensk fyrirtæki þar á lista.

Á árinu bættust Kaffitár, Landsbank- inn, N1, Byr, Lyfja, VÍS, Íslandsbanki, CCP Games og Landsvirkjun í hópinn.

# Styrktaraðilar og sjálfboðaliðar UN Women á Íslandi

## Utanríkisráðuneytið

Landsnefnd UN Women á Íslandi á í góðu samstarfi við utanríkisráðuneytið (UTN). Samstarf ráðuneytisins og landsnefndar UN Women gegnir mikilvægu hlutverki við framkvæmd og samþættingu tveggja lykilmarkmiða í utanríkisstefnu Íslands, þ.e. að efla þróunaraðstoð og styðja við jafnrétti kynjanna. Góð samskipti og samráð hafa verið afar gagnleg fyrir auknið upplýsingaflæði milli starfsmanna UTN, landsnefndarinnar, UN Women í NY og fastanefndar Íslands hjá SP.

Samstarfssamningur UN Women og utanríkisráðuneytisins var endurnýjaður til þriggja ára árið 2010. Styrkurinn er félaginu ómetanlegur til að tryggja rekstur skrifstofunnar. Samkvæmt samstarfssamningi sinnir landsnefndin fræðslu friðargæsluliða og útsendra sérfræðinga um jafnréttismál með sérstaka áherslu á ályktun Öryggisráðsins númer 1325 er varðar konur, frið og öryggi. Átta hópar friðargæsluliða sóttu námskeið á skrifstofu UN Women á árinu. Landsnefndin sinnti ráðgjöf við undirbúning nýrrar áætlunar Íslands um framkvæmd ályktunar 1325 og er sú vinna enn í gangi. UN Women á Íslandi tók einnig að sér greiningu á skýrslum og verkefnum eftir þörfum.

Fjárhagslegur stuðningur Íslands við UN Women hefur aukist undanfarin ár og er mjög ánægjulegt að UN Women er nú ein af fjórum lykilstofnunum í þróunarstarfi Íslands og jafnréttismál eru þverlæg í öllum verkefnum Íslands. Á árinu 2011 námu samanlögð framlög 125,7 milljónum króna að meðtöldu framlagi til landsnefndarinnar. Stuðningur íslenskra stjórnvalda felst í almennum framlögum til stofnunarinnar, framlögum í Styrktarsjóð UN Women til afnáms ofbeldis gegn konum, og stuðningi við starfsemi UN Women í Palestínu og Afganistan. Jafnframt var íslenskur sérfræðingur kostaður til starfa hjá UN Women á Balkanskaga í gegnum Íslensku friðargæsluna.

## Oddi

Prentsmiðjan Oddi hefur um þriggja ára bil verið styrktaraðili UN Women á Íslandi. Markmið samstarfsins er að styrkja fræðslu- og kynningarstarf UN Women með það að leiðarljósi að auka almenna þekkingu á mál-efum kvenna í þróunarlöndum og á átaka-svæðum. Samstarfið felur í sér að Oddi veitir UN Women á Íslandi fría prentun og umbrot á ákveðnum verkum og góðan afslátt af öðru efni. Kynningarstarf felur í sér töluverðan kostnað og því er samstarfið afar dýrmætt.

## Fiðrildavika

Eftirtalin fyrirtæki styrktu Fiðrildaviku UN Women og þakkar landsnefnd UN Women á Íslandi þeim kærlega fyrir stuðninginn; 7G, Landsbankinn, Rio Tinto Alcan, Norvík, Landsvirkjun, Atlantsólía, Lyfja, Ja.is, Byr, DV, Pressan, Sagafilm, Auglýsingamiðlun, Exton, Plánetan, RÚV, Pegasus, Kukl, Listasafn Reykjavíkur, Oddi, Hertz, Hótel Hekla, 365, Aurum, Morgunblaðið, Skýrr, Icepharma og Kex Hostel.

Frá því landsnefnd UN Women á Íslandi var sett á lagginar fyrir rúmum tuttugu árum hafa sjálfboðaliðar ávallt spilað stórt hlutverk í því starfi sem fram fer á landsvísi.

UN Women á Íslandi þakkar eftirfarandi aðilum fyrir frábærlega vel unnin störf á árinu bæði í Fiðrildavikunni og við þýðingar á greinum. Sjálfboðaliðar UN Women eiga stóran þátt í velgengni samtakanna á árinu.

## Sjálfboðaliðar UN Women 2011

Porsteinn Bachmann, Rannveig Jónsdóttir (Gagga), Unnur Ösp Stefánsdóttir, Ragnheiður Ragnarsdóttir, Herdís Þorvaldsdóttir, Arnar Þórisson, Eva Björk Eypórsdóttir, Friðrik Elís Ásmundsson, Þorkell Harðarson, Örn Marínó Arnarson, Katla Rós Völudóttir, Ragnar Már Nikulássson, Garðar Thór Cortes, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Magnús Jónsson, For a Minor Reflection, Jón Þór Þorleifsson,

Andri Snær Magnason, Auður Jónsdóttir, Tuna Dis Metya, Högni Egilsson, Steinþór H. Steinþórsson (Steindi Jr.), Gunnar Eyjólfsson, Jussanam da Silva, Edda Björgvinsdóttir, Vilhjálmur Árnason, Sigríður Arnardóttir, Sigríður Margrét Guðmundsdóttir, Nína Dögg Filippusdóttir, nemendur og kennarar Vesturbæjarskóla, Agnes Hansdóttir, Nanna Hlíf Ingvadóttir, Ágúst Bent Sigbertsson, Magnús Leifsson, Skúli Ármannsson, Sigga Boston, Hrannar Hafsteinsson, Gísli Örn Garðarson, Inga María Eyjólfsdóttir, Skemmtilegt ehf., Davíð Guðbrandsson, Hilmar Guðjónsson, Gunnar Salvarsson, Hrönn Hinriksdóttir, Sigrún Sæmundsen, Rúna Dögg Cortez, Bergþóra Hólm, Maja Hallgríms, Glódís Guðmundsdóttir, Geir Guðjónsson, Fanney Ómarsdóttir, Helga Ólafsdóttir, Gunnhildur Ásta Guðmundsdóttir, Sunna Rut Þórisdóttir, Þórunn Jónsdóttir, Friða Pálsdóttir, Benjamín Plagg-enborg, Snæfríður Ólafsdóttir, Þóra Kristinsdóttir, Pálína Jónsdóttir, Harpa Júlíusdóttir, Auðna Margrét Haraldsdóttir, Júlía Hannam, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, Bergljót Gunnlaugsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Kristín Guðbjörg Sigurðardóttir, Ingunn Bjarnadóttir, Ása Eyjólfsdóttir, Díana Sigurðardóttir, Þórey Heiðarsdóttir, Jenný Kristín Sigurðardóttir, Árný Nanna Snorraddóttir, Rannveig Halldórsdóttir, Sunneva Tómasdóttir, Hákon Björn Högnason, Pétur H. Þorkelsson, Anna Rósa Bjarnadóttir, Lilja Dögg Tryggvadóttir, Anna Dúna, Eva Þorvaldsdóttir, Kolbeinn Stefánsson, Guðrún Kr. Guðfinnsdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Þórhildur Ísberg, Berglind Bárðardóttir, Auður Héðinsdóttir, Rósa Björk Bergþórsdóttir, Sigurbjörg Birgisdóttir, Freyja Oddsdóttir, Sigrún Valsdóttir, Elsa Guðmundsdóttir, Anna Kolbrún Árnadóttir, Kristján Guðjónsson, Ragna Gestsdóttir, Heiðrún Guðmundsdóttir, Halldóra Gyða Guðnadóttir, Guðrún Ósk Þorbjörnsdóttir, Alisa Kalyanova, Sólveig Jónsdóttir, Karen Áslog Vignisdóttir, Halla Fróðadóttir, Vigdís Másdóttir, Sigríður Erla Jónsdóttir og Guðrún Yrsa Richter.

# Overview of 2011



## National Awareness

It was an eventful year for the Icelandic National Committee and it started with a celebration when UN Women became an official entity. To celebrate the launch of UN Women, the NCI partnered with the all girl performance group WEIRD GIRLS PROJECT. The outcome was a beautiful series of photos. The theme of the photo series was threefold; women supporting women, celebrating freedom, and giving women a stronger voice. The NCI celebrated the launch of UN Women on March 8<sup>th</sup> in downtown Reykjavik where a large billboard of the collaboration was unveiled. A marching band opened the celebration with a bang, high school students handed out balloons and lollipops and one of Iceland's most celebrated actresses gave a speech on behalf of UN Women. Suffice to say, the atmosphere was festive and joyous. The celebration ended with a fitting song, *Sisters are Doin' It for Themselves* by Annie Lennox and Aretha Franklin.

During the summer, the NCI promoted the Sisterhood Campaign with various methods. The NCI made the most of the power of Facebook and created an event for people to share with friends with information on the *Sisterhood Campaign* and UN Women. The campaign was successful and the NCI received support from new donors through Facebook as well as many new general supporters. Iceland's biggest magazine publisher continues to publish full page adverts promoting the *Sisterhood Campaign* for free in all its major magazines. During the summer, two Icelandic girls paraglided across Iceland's highlands in the name of UN Women under the slogan *I want to give*

*women wind beneath their wings*. To complement their adventure the NCI started a similar awareness raising campaign in Reykjavik where Icelanders posed with a sign with the same slogan. The photos were then posted on the NC's Facebook page.

In the autumn, the NCI participated in a week long awareness raising campaign with the Icelandic International Development Agency (ICEIDA) and NGOs working in development cooperation. The campaign was titled *Development Cooperation is fruitful*. Every NGO published an op-ed in Iceland's most widely read newspaper and the chair of UN Women in Iceland served as a moderator at a symposium on the topic with experts across the field. The highlight of the week was a distribution of five thousand apples in handmade bags made by a group of women from Kampala, Uganda. The distribution received great media attention.



In November, the NCI held its annual Breakfast Meeting. This year's meeting was dedicated to UN Women's flagship report *Progress on the World's Women: In Pursuit of Justice*. Key speakers were Jolin Zaghloul and Ester Sumbana from the Gender Equality Studies and Training Programme at the University of Iceland as well as Hermann Ingólfsson from the Ministry for Foreign Affairs.

On November 25<sup>th</sup>, the International Day for the Elimination of Violence against Women, the NCI held its annual Candle Light Walk. Despite harsh winds, a great deal of people showed up. The theme of this year's walk was *Peace in the home - Peace in the World*. The walk was led by activists who have been prominent in the fight against gender-based violence in Iceland.

## Fundraising

The NCI promotes the *Sisterhood Campaign* every summer for eight weeks by employing a group of street "facers". This year, a passionate group of young adults surpassed all expectations when over a thousand new donors joined the *Sisterhood Campaign* in only eight weeks.

## UN Women tote bags

The NCI collaborated with up and coming Icelandic designers to create special tote bags for the NCI. Two graphic designers, Katla Rós Völudóttir and Ragnar Már Nikulásson hand drew the design on the bags and the outcome was a big hit. Both men and women of all ages purchased the bags; a beautiful design and a good cause.

## Butterfly Campaign

In September the NCI held its second



Butterfly Fundraising Campaign. The main goal of the fundraising week was to promote the *Sisterhood Campaign* and get Icelanders to join the cause. The butterfly symbolizes change and freedom as well as the power that can be generated through the “butterfly effect”. The NCI relied heavily on the media, volunteers, as well as high-profile personalities to draw attention to the *Sisterhood Campaign* with much success. Over 600 new donors joined the campaign in one week.

Landsbankinn, a major bank in Iceland, was one of the largest sponsors of the Butterfly Campaign donating 8,700 USD to the campaign. The bank had special brochures promoting UN Women made to celebrate the campaign and distributed them to every branch in the country. The bank also signed The Women’s Empowerment Principles (WEP) during the first day of the fundraising week. Kaffitár, one of Iceland’s largest coffee chains, donated 50 cents of every cup of coffee served during the Butterfly Campaign.

The Campaign was launched outside the Parliament on a beautiful autumn day by Mrs. Gísladóttir, former Minister for Foreign Affairs. The opening ceremony was a great success, every media outlet attended as well as the Prime Minister and other MPs.

Iceland’s National Broadcast Service (RÚV) broadcasted the documentary series *Women on the Frontline* once a week over a period of four weeks. Each show shines a light on violence against women. Short introductory videos about UN Women, made by the NCI, followed each show.

The NCI relied heavily on various media outlets during the Butterfly Campaign including social media. The NCI teamed up with a group of high-profile personalities, from pop stars to high-ranking politicians to publish statuses on their profiles encouraging “friends” to join the *Sisterhood Campaign*. The NCI also advertised in all major online news sites and newspapers for free. Op-ed articles were published in Iceland’s major newspaper by various people encouraging Icelanders to join this important cause.

A popular comedian joined the campaign by making a short sketch about UN Women. A Brazilian jazz singer wrote a song specifically for the NCI called, *You Can Count on Me Because I am a Woman*, and it was premiered on a magazine show on Channel 2 and can be downloaded from our website for free. All artists donated their time and work to the NCI. Award winning actress, Unnur Ösp Stefánsdóttir joined hands with UN Women during the Butterfly Campaign. She visited a popular morning show on Radio 2 (National radio) every day to talk about UN Women and different events during the fundraising week. Unnur Ösp also visited five companies during the Butterfly Campaign where she talked about UN Women and encouraged employees to join and become monthly donors. Each company published information on UN Women on their websites and intranet alongside information on how to sign up as donors. The NCI also hired street facers to go door to door during the campaign and Iceland’s largest shopping mall allowed the NCI to present UN Women to its guests during the week.

### ELLA supports UN Women

The Icelandic fashion house ELLA donated 10 USD of each perfume sold to UN Trust Fund to End Violence against Women. ELLA is owned by Elínrós Línadal a loyal supporter of UN Women for many years. At the end of the year, ELLA donated 4,254 USD to the Trust Fund.

### Sponsors of the National Committee of UN Women in Iceland

The NCI and the Ministry for Foreign Affairs (MFA) signed a co-operation agreement in 2010. According to the agreement; MFA stipulates on average 5 million ISK over an assigned period to the NCI, which in return works closely with the ministry on issues relating to women’s empowerment and development. Special emphasis is on the Security Council’s Resolution 1325 and other related resolutions regarding Women, Peace and Security. The Executive Director of the NCI held eight different trainings on Resolution 1325 for Icelanders going abroad on Peace Keeping Missions.

### Government support

The Icelandic Government continues to support UN Women internationally. UN Women is one of four key institutions that the Ministry for Foreign Affairs supports. Despite cutbacks, the Ministry has fulfilled its commitment to the cause with 125,7 million ISK which includes the contribution to the NCI. Financial support includes core contribution to UN Women as well as a contribution to the UN Trust Fund to End Violence against Women. The MFA also supported UN Women field offices in Palestine and Afghanistan and sponsored a field position in the Balkan region through the Icelandic Peace Mission.

# Ársreikningur UN Women á Íslandi 2010

## Tekjur

Heildartekjur ársins voru tæplega 27,7 m.kr. Það söfnuðust 17,2 m.kr. í gegnum Systralagið og félagsmenn greiddu 1 m.kr. í félagsgjöld. Rekstrarstyrkur frá utanríkisráðuneytinu nam 5 m.kr. á árinu og er það samkvæmt samstarfssamningi. Styrkir vegna Fiðrildaviku bárust félaginu frá innlendum fyrirtækjum og námu þeir 2,2 m.kr. Auk þess styrkti Ella Styrktarsjóð UN Women um tæpar 100 þ.kr. (Heildarupphæð var 519 þ.kr. en eftirstöðvar bárust árið 2012). Tekjur af vörusölu og gjafabréfum voru 1,7 m.kr þar með talin sala á UN Women pokum. Aðrar tekjur námu um 535 þ.kr. og voru það tekjur af áheitum í Reykjavíkumaraþoninu uppá 135 þ.kr. og vaxtatekjur upp á 400 þ.kr.

Af þessum tekjum styður landsnefnd UN Women á Íslandi við alþjóðleg verkefni UN Women um tæplega 14,8 m.kr.

## Útgjöld

### Rekstrarkostnaður

Starfsmannatengdur kostnaður er stærsti útgjaldaliður skrifstofunnar og nam hann tæplega 10,6 m.kr. á árinu. Rekstrarkostnaður skrifstofu nam 6,1 m.kr. og má rekja hækkunina á milli ára einkum til breytinga á húsnæðinu á Laugavegi 42 og kostnaðar vegna nafnabreytingar UNIFEM í UN Women en sá kostnaður nam rúmlega 1,1 m.kr.

### Viðburðir og verkefni

Kostnaður vegna Systralagsins var rúmlega 1,8 m.kr. á árinu og fólst sá kostnaður einkum í launum átta götukynna sem störfuðu í júní og júlí. Systralag UN Women hófst árið 2009 og er nú orðið aðalfjáröflunarleið félagsins þar sem



rúmlega 2.200 manns styrktu félagið mánaðarlega í lok árs 2011.

Stærsti viðburður félagsins á árinu var

Fiðrildavika og var hún haldin í september. Kostnaður vegna vikunnar var

rúmlega 1,2 m.kr.

## Helstu tekjur og gjöld

### Tekjur

	<i>Í þús. kr.</i>
Söfnunarfé .....	17.172
Félagsgjöld .....	1.040
Aðrar tekjur og styrkir .....	9.506
Samtals .....	<u>27.718</u>

### Kostnaður vegna viðburða og verkefna

Systralagið .....	1.823
Fiðrildavika .....	1.230
Morgunverðarfundur .....	30
Jafnréttissáttmáli .....	53
Annað .....	34
Samtals .....	<u>3.169</u>

### Rekstur skrifstofu

Laun og tengdur kostnaður .....	10.573
Rekstur skrifstofu .....	6.112
Samtals .....	<u>16.684</u>

Framlög til alþjóðlegra verkefna .....	14.792
Styrktarsjóður til afnáms ofbeldis gegn konum .....	<u>14.792</u>



*Efri röð frá vinstri: Magnús Árni Magnússon, Margrét Rósa Jochumsdóttir, Þórey Vilhjálmsdóttir, Hanna Björg Vilhjálmsdóttir. Neðri röð frá vinstri: Ólöf Ýrr Atladóttir, Olga Eleonora M. Egonsdóttir, Aðalheiður Þorsteinsdóttir, Regína Bjarnadóttir og Ragna Sara Jónsdóttir. Á myndina vantar Birnu Guðmundsdóttur og Ólaf Stephensen.*

## Stjórn UN Women á Íslandi 2011-2012

### Formaður

Regína Bjarnadóttir, þróunarhagfræðingur

### Varaformaður

Margrét Rósa Jochumsdóttir, þróunarfræðingur  
Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, framhaldsskólakennari,  
þurfti frá að víkja vegna anna

### Gjaldkeri

Olga Eleonora M. Egonsdóttir, fjármálastjóri

### Meðstjórnendur

Aðalheiður Inga Þorsteinsdóttir, alþjóðastjórnmála-  
fræðingur  
Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, framhaldsskólakennari  
Magnús Árni Magnússon, dósent  
Ólafur Stephensen, ritstjóri  
Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri  
Þórey Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastjóri

### Varastjórn

Birna Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri  
Ragna Sara Jónsdóttir, þróunar-og viðskiptafræð-  
ingur  
Pálína Björk Matthíasdóttir, sérfræðingur, þurfti frá  
að víkja eftir tveggja mánaða setu í stjórn vegna  
annarra verkefna

Aðalfundur UN Women á Íslandi var haldinn 22. mars 2011 á Café Haiti og tók þá ofantalin stjórn til starfa. Hildur Fjóra Antonsdóttir, Arna Garðarsdóttir og Sigríður Erla Jónsdóttir gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu. Eru þeim þökkúð góð störf í þágu UN Women.



**UN Women á Íslandi**

Laugavegi 176  
Miðstöð Sameinuðu  
þjóðanna á Íslandi  
105 Reykjavík  
Sími 552 6200  
unwomen.is

